

Sp. 347. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kanni atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar og geri næsta Alþingi grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Greinargerð.

Staða atvinnuvega á Suðurnesjum hefur verið mjög erfið mörg undanfarin ár. Sjávarútvegur hefur lengst af verið grundvöllur atvinnu og afkomu á svæðinu, en nú upp á síðkastið hafa aflabrögð verið mjög rýr og samsetning afla breyst frá því að vera að mestu leyti þorskur yfir í aðrar verðminni tegundir, og hefur þessi breyting haft mjög óhagstæð áhrif á afkomu þeirra er þessa atvinnu stunda.

Versnandi afkoma veiða og vinnslu hefur einnig haft mjög óhagstæð áhrif á rekstur og afkomu fjölda þjónustufyrirtækja er starfa í sambandi við sjávarútveginn, og einnig hafa sveitarfélögin sjálf átt við mikla fjárhagsörðugleika að etja, — örðugleika er rekja má til hinna sömu orsaka. Líta verður svo á, að ekki hafi verið brugðið jafnskjótt við til hjálpar atvinnustarfsemi á Suðurnesjum og gert hefur verið þegar aðrir landshlutar hafa lent í örðugleikum, og er hugsanlegt að þar hafi nálægðin við Keflavíkurflugvöll haft áhrif. Á Keflavíkurflugvelli fer fram blómleg og fjölbreytt atvinnustarfsemi, og munu ýmsir líta svo á, að ekki þurfi að hafa áhyggjur af afkomu Suðurnesjamanna þar sem þeir hafi völlinn.

Það er hins vegar skoðun flutningsmanns, að starfsemin á Keflavíkurflugvelli hafi að ýmsu leyti óhagstæð áhrif á þróun sjávarútvegs á Suðurnesjum, en geti hins vegar á engan hátt leyst hann af hólmi sem grundvöllur undir afkomu svæðisins. Auk þess fylgja starfseminni á Keflavíkurflugvelli ýmis félagsleg áhrif, sem full ástæða er til þess að kanna rækilega.